

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 16. janúar 1984

um að breyta í samræmi við tækniframfarir tilskipun ráðsins 79/196/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafföng með tiltekna varnartilhögun til notkunar á sprengihættustöðum**(84/47/EBE)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/117/EBE frá 18. desember 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum ⁽¹⁾, einkum 5. gr. hennar,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 79/196/EBE frá 6. febrúar 1979 um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafföng með tiltekna varnartilhögun til notkunar á sprengihættustöðum ⁽²⁾, einkum 5. gr. hennar,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Með tilliti til tækniframfara er nú nauðsynlegt að breyta innihaldi samhæfðu staðlanna sem getið er í I. viðauka við tilskipun 79/196/EBE.

Með tilliti til þeirrar reynslu sem fengist hefur síðan tilskipun 79/196/EBE var samþykkt sýnist rétt að breyta hönnun einkennismerkis bandalagsins sem getið er um í II. viðauka þeirrar tilskipunar.

Ráðstafanir þær sem tilskipun þessi kveður á um eru í samræmi við álit nefndarinnar er sér um að breyta, í samræmi við tækniframfarir, tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum á viðskiptum með rafföng til notkunar á sprengihættustöðum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað I. og II. viðauka við tilskipun 79/196/EBE kemur I. og II. viðauki við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 1985 og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Til 1. janúar 2005 skulu aðildarríkin þó halda áfram að beita þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í 4. gr. tilskipunar 76/117/EBE að því er varðar búnað þar sem samræmi við samhæfða staðla sem getið er um í tilskipun 79/196/EBE, í útgáfu frá 6. febrúar 1979, er vottað með samræmisvottorðinu sem getið er um í 8. gr. tilskipunar 76/117/EBE, svo framarlega sem þetta vottorð er gefið út fyrir 31. desember 1987.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. janúar 1984.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karl-Heinz NARJES

framkvæmdastjóri.⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 24, 30. 1. 1976, bls. 45.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 43, 20. 2. 1979, bls. 20.

I. VIÐAUKI

SAMHÆFÐIR STAÐLAR

Samhæfðir staðlar sem búnaður verður að samræmast, eftir því hvaða varnartilhögun er beitt, eru þeir Evrópu-
staðlar sem taldir eru upp í eftirfarandi töflu.

Evrópustaðlar

(samdir af Cenelec, 2, rue de Bréderode, PO Box 5, B-1000 Brussel)

| Númer | Titill | Útgáfa | Dagsetning |
|----------|--|--------|--|
| EN 50014 | —Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: almennar reglur —Breyting 1 —Breyting 2 —Breytingar 3 og 4 | 1 | Mars 1977 Júlí 1979 Júní 1982 Desember 1982 |
| EN 50015 | —Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: olíufylling „o“ —Breyting 1 | 1 | Mars 1977 Júlí 1979 |
| EN 50016 | —Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: yfirþrýstingsumlykja „p“ —Breyting 1 | 1 | Mars 1977 Júlí 1979 |
| EN 50017 | —Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: sallafylling „q“ —Breyting 1 | 1 | Mars 1977 Júlí 1979 |
| EN 50018 | —Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: sprengitraust umlykja „d“ —Breyting 1 —Breyting 2 | 1 | Mars 1977 Júlí 1979 Desember 1982 |
| EN 50019 | —Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: aukið öryggi „e“ —Breyting 1 —Breyting 2 | 1 | Mars 1977 Júlí 1979 September 1983 |
| EN 50020 | —Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: sjálftrygg útfærsla „i“ —Breyting 1 | 1 | Mars 1977 Júlí 1979 |

II. VIÐAUKI

Einkennismerki bandalagsins

Öll gildi í hlutfalli við „a“
